

Kirkjuþing 2022-2023

24. mál – þskj. 24

T I L L A G A

til þingsályktunar um endurskoðun starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni, Óskari Magnússyni,

Áslaugu Kristjánsdóttur og Magnúsi Erlingssyni .

Frsm. Steindór Haraldsson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að fela forsætisnefnd að láta fara fram endurskoðun á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

Greinargerð.

Á síðasta kjörtímabili kirkjuþings var hrint í framkvæmd hluta af stefnumörkun biskupafundar um sameiningu prestakalla. Ekki fylgdi þessari stefnumörkun endurskoðun á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að starfsreglurnar verði endurskoðaðar. Meðal annars þurfi að standa betur að samráði og kynningu við söfnuði í héraði og að setja þurfi ákvæði um val á sóknarpresti í sameinuðu prestakalli. Eins og framkvæmdin er nú er ákvörðun um hver verði sóknarprestur í sameinuðu prestakalli tekin án þess að söfnuðir hins nýja prestakalls hafi þar áhrif.

Fylgiskjal:

Kostnaðaráætlun vegna þriggja manna nefndar.